

Mál nr. 338/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Söfnunarlíftrygging

### Upplýsingaskylda váttryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M sótti um söfnunarlíftryggingu hjá V, sem er erlent váttryggingafélag, með váttryggingarbeiðni dags. 3. september 2019. Váttryggingarsamningi var komið á með tilstuðlan váttryggingamiðlara skv. upplýsingum í málskoti. Fyrsta greiðsla skv. váttryggingarsamningi átti sér stað 30. september 2019 og greiddi M mánaðarlega greiðslu upp á 500 evrur fram í maí 2022, að hennar sögn samtals 16.000 evrur, eða samtals 32 greiðslur. Annars var vum að ræða iðgjald vegna váttryggingar og hins vegar fjárhæð sem átti að fara til fjárfestinga. M fékk sent stöðuyfirlit yfir greiðslur til V hinn 13. maí 2022 vegna umrædds samnings og hljóðaði það upp á 15.500 evrur og var það á enskri tungu ásamt texta í tölvupósti, einnig á ensku. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að M hafi sagt upp samningi við V og hafi óskað eftir því að fá endurgreiddar þær fjárhæðir sem greiddar hafi verið vegna samningsins. Í fyrirnefndu yfirliti kemur fram að frá hennar inneign hjá V verði dregnar 5.425 evrur í svokallað „Acquisition deduction“.

M telur þá fjárhæð sem V telji að draga eigi frá vegna svokallaðs „Acquisition deduction“ byggja á ógildu ákvæði í váttryggingarskilmálum þar sem upplýsingar sem hún hafi fengið við undirritun beiðni um váttryggingu hafi verið þær að allur kostnaður af váttryggingarsamningnum verði greiddur með fyrstu iðgjaldagreiðslu. M telur sig ekki bundna af ákvæði í almennum skilmálum V þar sem þeir komi fram með litlu letri á þéttprentuðum blaðsíðum almennra skilmála og ekki hafi verið bent sérstaklega á ákvæðið og það skipti miklu máli við samningsgerðina. Einnig bendir M á 5. gr. laga um neytendasamninga nr. 16/2016 þar sem komi fram að rík upplýsingaskylda hvíli á seljanda vegna samninga utan fastrar starfsstöðvar að upplýsa um heildarverð (heildarkostnað) af samningsgerð.

V hefur hafnað því að greiða tilbaka til M sem nemur 5.425 evrum og vísar til þess að í 3. tl. 12. gr. í almennum skilmálum og skilyrðum váttryggingar þeirrar sem M gerði samning við V um komi eftirfarandi fram: „Af fyrstu 60 mánuðum gildistíma váttryggingarsamningsins er kostnaður vegna gerðar hans sem dreginn er af tryggingareikningunum 35% af reglulegu mánaðarlegu iðgjaldi.“ V bendir enn fremur á að félagið sé „framleiðandi“ vörunnar „Wealth Insuring“ en ekki dreifingaraðili hennar, heldur hafi það verið í höndum váttryggingamiðlunarinnar Tryggingar og ráðgjafar ehf. (hér eftir X). V telur að það hafi verið á ábyrgð X að gæta ákvæða laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga þegar M stofnaði til samnings við V og telur því að málskoti sé beint að röngum aðila og eigi að vísa málinu frá vegna aðildarskorts V. Að öðru leyti telur V að ef kröfu verði ekki vísað frá nefndinni þá sé ákvæði váttryggingarskilmála V varðandi viðskiptakostnað fullkomlega lögleg, allur samningskostnaður sé tilgreindur, annars vegar í 12. gr. skilmálanna og einnig í sérstakri töflu á öftustu síðu skilmálanna. Einnig vísar V til þess að M hafi staðfest með undirritun sinni í váttryggingarbeiðni að hún hafi fengið váttryggingarskilmála afhenda og kynnt sér þá. V vísar auk þess til þess að skilmálarnir séu á íslensku ásamt helstu lykilskjölum þar sem dreifing vörunnar átti sér stað á Íslandi og sé það í samræmi við 7. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sem og hafi útreikningur á fjárfestingu, kostnaði, gjöldum og samlegðaráhrifum samningsins legið fyrir í samræmi við 2. mgr. 140. gr. d. í sömu lögum. Einnig vísar V til þess að upplýsingar um millifærslur hafi ekki fylgt frá M sem staðfesti greiðslu iðgjalds 32svar sinnum (samtals 16.000 evrur) og beri M sönnunarbyrðina um það. Einnig telur V að gildissvið laga um neytendasamninga nr. 16/2016 eigi ekki við þar sem það komi fram í b.lið 3. mgr. 1. gr. laganna að þau gildi ekki um fjármálaþjónustu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort V sé heimilt við slit váttryggingasamnings milli M og V að halda eftir samtals 5.425 evrum vegna kostnaðar og vísar um það til 3. tl. 12. gr. almennra skilmála váttryggingarinnar um að 35% af reglulegu mánaðarlegu iðgjaldi sé slíkur kostnaður á fyrstu 60 mánuðum gildistíma váttryggingarinnar. Í 10. tl. 2. gr. kemur fram að iðgjöld séu „...sérhver greiðsla sem váttryggingartaki greiðir til váttryggjanda samkvæmt samkomulagi í váttryggingasamningi..“ Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að greiðsla frá M til V á því tímabili sem váttryggingssamningur hennar var í gildi hafi verið 15.500 evrur, en ekki liggja fyrir nákvæm gögn sem staðfesta að 500 evrur í viðbót hafi verið greiddar vegna samningsins frá september 2019 fram í maí 2022. Allar umræddar greiðslur eiga sér stað á fyrstu 60 mánuðum gildistíma váttryggingarinnar.

M staðfesti með undirritun sinni í váttryggingarbeiðni (sem var bæði á íslensku og ensku) að hún hafi kynnt sér váttryggingarskilmála söfnunarlíftryggingar V og fengið þá afhenda. Í þeim váttryggingarskilmálum er skýrlega kveðið á um í 3. tl. 12. gr. að kostnaður sem nemur 35% af iðgjaldi fyrstu 60 mánuði gildistíma váttryggingarinnar sé dreginn „...af tryggingareikningunum“. Verður ekki séð að ákvæði í váttryggingarsamningnum fari gegn lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 eða eftir atvikum ákvæðum laga um samningsgerð, umboð eða ógilda löggæringa nr. 7/1936 eða öðrum ákvæðum laga sem gilda um samninginn.

Af máláttilbúnaði M má hins vegar ráða að hún telji að upplýsingaskyldu hafi ekki verið gætt af hálfu þess sem hún var í samskiptum við vegna dreifingar váttryggingar V. Upplýst er í málinu að V fól váttryggingamiðluninni X dreifingu váttrygginga sinna. Málskoti hefur ekki verið beint að X og verður því ekki tekin afstaða til þess hvort X hafi farið gegn ákvæðum laga um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019 eða þeim ákvæðum laga nr. 30/2004 sem um eiga við um dreifingu váttrygginga. M er hér með leiðbeint þannig að bent er á að í samþykktum um úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum er í 1. mgr. 3. gr. ákvæði sem segir að „Undir starfssvið nefndarinnar heyra mál sem varða réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingastarfsemi að öðru leyti eins og nánar greinir í 2. og 3. mgr.“ Í 2. mgr. kemur síðan fram að nefndin fjalli um ágreining sem varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og laga um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019. Einnig verður ekki með skýrum hætti útilokað af framkvæmd að mál gegn dreifingaraðila eigi undir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa og er þar bent á úrskurði í málum þeirrar nefndar nr. 30/2021 og 44/2021.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt til endurgreiðslu 5.425 evra kostnaðar frá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir